

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1255****2022/EES/26/14****frá 7. september 2020**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í kjöti og kjötafurðum sem eru reykt á hefðbundinn hátt og í fiski og lagarafurðum sem eru reykt á hefðbundinn hátt og um að fastsetja hámarksgildi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í dufti úr matvælum úr plönturíkinu sem er notað við að tilreiða drykkjarvörur (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 2. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 <sup>(2)</sup> voru fastsett hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í matvælum, þ.m.t. reyktu kjöti og reyktum kjötafurðum og reyktum fiski og reyktum lagarafurðum.
- 2) Samkvæmt þeirri reglugerð ætti að fastsetja hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni við gildi sem eru eins lág og raunhæft er að ætlast til að megi ná og byggjast á góðum starfsvenjum í framleiðslu og í landbúnaði eða fiskveiðum. Gögn um reyktan fisk og reykt kjöt árið 2011 sýndu að unnt var að ná lægri hámarksgildum. Samt sem áður var nauðsynlegt í sumum tilvikum að breyta tækni við reykingu. Af þeim sökum var veitt þriggja ára umbreytingartímabil fyrir reykt kjöt og kjötafurðir og reyktan fisk og reyktar lagarafurðir áður en lægri hámarksgildin tóku gildi frá og með 1. september 2014.
- 3) Þrátt fyrir að góðum starfsvenjum hafi verið beitt við reykingu var staðfest á árinu 2014 að ekki hefði verið unnt að ná lægri gildum fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni á Írlandi, Spáni, í Króatíu, á Kýpur, í Lettlandi, Póllandi, Portúgal, Rúmeníu, Slóvakíu, Finnlandi, Svíþjóð og Bretlandi í tilteknum tilvikum þegar um er að ræða kjöt og kjötafurðir sem eru reykt á hefðbundinn hátt og á Írlandi, í Lettlandi, Rúmeníu, Finnlandi, Svíþjóð og Bretlandi í tilteknum tilvikum þegar um er að ræða fisk og lagarafurðir sem eru reykt á hefðbundinn hátt. Í þessum tilvikum var ekki unnt að aðlaga starfsvenjur við reykingu til að fara að lægri hámarksgildunum fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni án þess að breyta skynmatseinkennum matvællanna umtalsvert.
- 4) Á grundvelli framangreindra athugana og skv. 6. og 7. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1881/2006 var viðkomandi aðildarríkjum veitt tímabundin undanþága frá beitingu lægri hámarksgilda fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni frá og með 1. september 2014 til að setja á sinn eigin markað kjöt og kjötafurðir sem eru reykt á hefðbundinn hátt og/eða

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 293, 8.9.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

reyktan fisk og reyktar lagarafurðir sem eru reykt á yfirráðasvæði þeirra og eru ætluð til neyslu á yfirráðasvæði þeirra. Hámarksgildin sem voru í gildi fyrir 1. september 2014 giltu áfram um þessar reyktu afurðir. Undanþágan náði almennt yfir allt reykt kjöt og allar reyktar kjötafurðir og/eða allan reyktan fisk og allar reyktar lagarafurðir án þess að tiltekin heiti matvæla væru tilgreind.

- 5) Í samræmi við 6. og 7. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1881/2006 hafa viðkomandi aðildarríki haldið áfram að fylgjast með tilvist fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í þessum afurðum og hafa komið á fót áætlunum til að koma í framkvæmd góðum starfsvenjum við reykingu þegar unnt er. Aðstæður voru einnig metnar á árinu 2018 á grundvelli ítarlegra upplýsinga sem hlutaðeigandi aðildarríki lögðu fram, þ.m.t. vöktunargögn um tilvist fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í kjöti og kjötafurðum sem eru reykt á hefðbundinn hátt og reyktum fiski og reyktum lagarafurðum og upplýsingar um beitingu góðra starfsvenja við reykingu og breytingar á skynmatseinkennum. Í kjölfar ítarlegs mats á framlögðum upplýsingum var komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að ná lægri gildum fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni með því að breyta starfsvenjum við reykingu, innan marka þess sem er efnahagslega gerlegt og mögulegt, án þess að tapa dæmigerðum skynmatseinkennum í tilteknum tilvikum þegar um er að ræða kjöt og kjötafurðir sem eru reykt á hefðbundinn hátt á Írlandi, Spáni, í Króatíu, á Kýpur, í Lettlandi, Póllandi, Portúgal, Slóvakíu, Finnlandi og Svíþjóð og í tilteknum tilvikum þegar um er að ræða fisk og lagarafurðir sem eru reykt á hefðbundinn hátt í Lettlandi, Finnlandi og Svíþjóð. Því ætti að veita undanþágu án tímamarka fyrir staðbundna framleiðslu og neyslu í tilteknum tilvikum þegar um er að ræða kjöt og kjötafurðir, fisk og lagarafurðir sem eru reykt á hefðbundinn hátt í þessum hlutaðeigandi aðildarríkjum.
- 6) Enn fremur hefur komið í ljós að tiltekið duft úr matvælum úr plönturíkinu, sem er notað við að tilreiða drykkjarvörur, inniheldur mikið magn fjölhringa, arómatískra vetniskolefna vegna þess að óviðeigandi starfsvenjur eru notaðar við þurrkun á duftinu. Með tilliti til þess að fjölhringa, arómatísk vetniskolefni eru krabbameinsvaldandi erfðaeitur er nauðsynlegt að fastsetja hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í þessu dufti, sem hægt er að ná með því að beita góðum starfsvenjum við þurrkun, með það að markmiði að tryggja öfluga heilsuvernd manna.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

#### Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1881/2006

Reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 6. og 7. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Þrátt fyrir 1. gr. er eftirfarandi aðildarríkjum heimilt að leyfa setningu eftirfarandi kjöts og kjötafurða, sem eru reykt á hefðbundinn hátt, sem eru reykt á yfirráðasvæði þeirra og ætluð til neyslu þar og sem innihalda fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í meiri styrk en mælt er fyrir um í lið 6.1.4 í viðaukanum, á sinn eigin markað að því tilskildu að þessar afurðir séu í samræmi við hámarksgildin sem eru í gildi fyrir 1. september 2014, þ.e. 5,0 µg/kg fyrir bensó(a)þýren og 30,0 µg/kg fyrir samanlagt magn bensó[a]þýrens, bensó[a]antrasens, bensó[b]flúorantens og krýsens:

- Írland, Króatía, Kýpur, Spánn, Pólland og Portúgal: kjöt og kjötafurðir sem eru reykt á hefðbundinn hátt,
- Lettland: svínakjöt sem er reykt á hefðbundinn hátt, heitreykt kjúklingakjöt, heitreyktar pylsur og heitreykt villibráð,
- Slóvakía: saltað kjöt sem er reykt á hefðbundinn hátt, beikon sem er reykt á hefðbundinn hátt, pylsa (*klobása*) sem er reykt á hefðbundinn hátt, þar sem „reykt á hefðbundinn hátt“ merkir að framleiða reyk með því að brenna við (viðarbolli, viðarsag, viðarspæni) í reyk húsi,
- Finnland: kjöt og kjötafurðir sem eru heitreykt á hefðbundinn hátt,
- Svíþjóð: kjöt og kjötafurðir sem eru reykt yfir glóheitum viði (e. *glowing wood*) eða öðrum plöntuefnum.

Þessi aðildarríki og hlutaðeigandi stjórnendur matvælafyrirtækja skulu halda áfram að fylgjast með því hvort fjölhringa, arómatísk vetniskolvetni eru til staðar í kjöti og kjötafurðum sem eru reykt á hefðbundinn hátt, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, og skulu tryggja að góðum starfsvenjum við reykingu sé beitt, þegar unnt er, án þess að glata dæmigerðum skynmatseinkennum þessara afurða.

7. Þrátt fyrir 1. gr. er eftirfarandi aðildarríkjum heimilt að leyfa setningu eftirfarandi fisks og lagarafurða, sem eru reykt á hefðbundinn hátt, sem eru reykt á yfirráðasvæði þeirra og ætluð til neyslu þar og sem innihalda fjölhringa, arómatísk vetniskolvetni í meiri styrk en mælt er fyrir um í lið 6.1.5 í viðaukanum, á sinn eigin markað að því tilskildu að þessar reyktu afurðir séu í samræmi við hámarksgildin sem eru í gildi fyrir 1. september 2014, þ.e. 5,0 µg/kg fyrir bensó(a)þýren og 30,0 µg/kg fyrir samanlagt magn bensó[a]þýrens, bensó[a]antrasens, bensó[b]flúorantens og krýsens:

- Lettland: fiskur sem er heitreyktur á hefðbundinn hátt,
- Finnland: lítill fiskur og fiskafurðir úr litlum fiski sem eru heitreykt á hefðbundinn hátt,
- Svíþjóð: fiskur og fiskafurðir sem eru reykt yfir glóheitum viði eða öðrum plöntuefnum.

Þessi aðildarríki og hlutaðeigandi stjórnendur matvælafyrirtækja skulu halda áfram að fylgjast með því hvort fjölhringa, arómatísk vetniskolvetni eru til staðar í fiski og fiskafurðum sem eru reykt á hefðbundinn hátt, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, og skulu tryggja að góðum starfsvenjum við reykingu sé beitt, þegar unnt er, án þess að glata dæmigerðum skynmatseinkennum þessara afurða.“

2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Matvæli, sem skráð eru í viðaukann við þessa reglugerð, sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir gildistöku þessarar reglugerðar mega vera áfram á markaði til 28. mars 2021.

3. gr.

### Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslu 6.1.15 um „Þurrkuð krydd að undanskildum kardimommum og reyktu *Capsicum* spp.“ í 6. lið viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1881/2006:

„6.1.16	Duft úr matvælum úr plönturíkinu til tilreiðslu á drykkjarvörum, að undanskildum vörunum sem um getur í liðum 6.1.2 og 6.1.11 (*)	10,0	50,0
---------	---	------	------

(\*) Með tilreiðslu á drykkjarvörum er vísað til notkunar á dufti sem er finmalað og til að hræra út í drykkjarvörur.“